

Fundargerð stjórnar Veiðifélags Þjórsár nr. 3 haldinn mánudaginn 13. október kl. 19:00 að Hraunvöllum. Mættir eru Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Haraldur Einarsson, og Þorgils Torfi Jónsson. Valdemar Bragason boðaði forföll.

**1. Umsagnarbeiðni frá Sigrúnu Bjarnadóttur í Fossnesi vegna framkvæmdaleyfis í námu E26 fyrir landi Fossnes.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sigrúnu Bjarnadóttur vegna framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku á 30.000 m<sup>3</sup> úr námu E26 fyrir landi Fossnes.

*Efnistaka hefur átt sér stað á þessu svæði í áratugi og ekki einungis frá landi Fossnes, heldur einnig frá aðliggjandi landareignum. Efnistakan fer ekki fram í virkum farvegi Þjórsár og ítarlegar mælingar á þéttleika seiða sem hafa staðið yfir frá 1988 á þessu svæði sýna fram á að þéttleiki seiða hefur byggst upp og viðhaldist í góðu jafnvægi samhliða efnistöku. Mikilvægt er að gæta að mengunarvörnum við notkun stórra vinnuvéla í og við vatnshlot. Stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur því ekki athugasemdir við útgáfu fyrirhugaðs framkvæmdaleyfis.*

Samþykkt með 4 atkvæðum,

Oddur greiðir atkvæði gegn, á forsendum þess að hún sé mjög hápin.

**2. Umsagnarbeiðni frá Vegagerðinni vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Þjórsárdalsvegi.**

Lagt fram erindi frá Vegagerðinni þar sem óskað er eftir umsögn Veiðifélags Þjórsár vegna fyrirhugaðrar framkvæmda við nýjan Þjórsárdalsveg. Vegkaflinn er um 7km langur og liggur frá Minni-Núp að Gaukshöfða. Vegagerðin hefur áður leitað umsagnar Hafrannsóknarstofnunar fyrir framkvæmdinni og í tveimur meðfylgjandi umsögnum er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á Þjórsá og Þverá. Meginniðurstöðurnar eru þær að fyrirhuguð framkvæmd mun að öllum líkindum ekki breyta því áhrifamati sem gert var vegna virkjunarframkvæmdarinnar að neinu marki.

Veiðifélagið áréttar niðurlag umsagnar Hafrannsóknarstofnunar en þar segir: Á framkvæmdatíma er mikilvægt að gæta þess að búsvæðum í ánni og fiskgengi verði ekki raskað því gera má ráð fyrir að göngufiskur (lax og urriði) sæki upp Þverá til hrygningar. Einnig er mikilvægt að gæta að mengunarvörnum við notkun stórra vinnuvéla í og við vatnshlot.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

**3. Umsagnarbeiðni frá Rauðukömbum vegna fyrirhugaðra framkvæmda tengd borholu við Þjórsá.**

HE 27. 57 JF

Lagt fram erindi frá Rauðukömbum ehf þar sem óskað er eftir umsögn Veiðifélags Þjórsár vegna fyrirhugaðra framkvæmda við frágang hitaveitu borholu sem staðsett er í landi Skriðufells á bökkum Þjórsár. Mikilvægt að gæta að mengunarvörnum við notkun vinnuvéla við vatnshlot.

*Stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.*

#### **4. Endurskoðun á nýtingaráætlun Veiðifélags Þjórsár.**

Núverandi nýtingaráætlun Veiðifélags Þjórsár er fyrir tímabilið 1.janúar 2022 – 31.desember 2026. Þörf er á að huga að uppfærslu á nýtingaráætluninni með það að markmiði að ný samþykkt nýtingaráætlun taki gildi frá og með 1. Janúar 2027.

Stuttar umræður.

*Málinu frestað til næsta fundar.*

#### **5. Áætlun um búsvæðamat á ófiskgengnum hluta Hvammsár, Kálfár og Tungár.**

Lögð fram áætlun um búsvæðamat á ófiskgengnum hluta Hvammsár, Kálfár og Tungár sem Hafrannsóknarstofnun fyrirhugar að vinna á árinu 2025. Í áætluninni er gert ráð fyrir því að fylla í þær eyður sem enn eru í búsvæðamati á Þjórsásvæðinu og verður gert sams konar mat á þeim ófiskgengu svæðum sem eftir standa á svæðinu og fýsileg kunna að vera til laxaframleiðslu. Þetta eru ófiskgengur hluti Hvammsár (þverá Sandár), Kálfár og Tungár.

*Stjórn Veiðifélags Þjórsár fagnar því að Hafrannsóknarstofnun klári að vinna áætlun um búsvæðamat á ófiskgengnum hluta Hvammsár, Kálfár og Tungár.*

#### **6. Áætlun um vöktun á lífríki og eðlisefnafræði í Þjórsá vegna Hvammsvirkjunar.**

Lögð fram áætlun um vöktun á lífríki og eðlisefnafræði í Þjórsá vegna Hvammsvirkjunar. Í leyfi Fiskistofu vegna Hvammsvirkjunar er gerð krafa um að fylgst verði með virkni mótvægisaðgerða með vöktun á lífríkisþáttum (Fiskistofa 2022). Að auki þarf vöktun vegna laga um stjórn vatnamála. Þann 22. júní 2023 óskaði Landsvirkjun eftir tillögum Hafrannsóknarstofnunar að rannsóknaráætlun í Þjórsá sem miðaði að því að vakta áhrif vegna framkvæmda og reksturs fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Áætlunin átti að ná til allra samþykktra líffræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðapátta og að auki átti vöktunin að ná yfir fisk í ánni. Hér er sett fram vöktun á lífríki Þjórsár í samræmi við þá þætti sem kveðið er á um í leyfi Fiskistofu vegna byggingar Hvammsvirkjunar dagsett 14. júlí 2022 (Fiskistofa 2022) og rannsóknir sem snúa að vöktun vegna laga um stjórn vatnamála. Gert er ráð fyrir vöktun standi í a.m.k. 10 ár frá því að virkjunin er tekin í notkun.

*Stjórn Veiðifélags Þjórsár samþykkir að óska eftir því við Landsvirkjun og Hafrannsóknarstofnun að áætlun um vöktun á lífríki og eðlisefnafræði í Þjórsá vegna*

HE 

Hvammsvirkjunar verði kynnt stjórninni við fyrsta tækifæri og stjórn Veiðifélags Þjórsár fái tækifæri til að fá nánari útskýringar. Samþykkt með 4 atkvæðum.

Oddur gekk af fundi eftir þennan lið og tók ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

## 7. Drög að viljayfirlýsing um samstarf Veiðifélags Þjórsár og Landsvirkjunar.

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu um samstarf Veiðifélags Þjórsár og Landsvirkjunar með það að markmiði að vinna saman að því að sameiginlega markmiði að tryggja vöxt og viðgang fiskistofna í Þjórsá og sjálfbæra nýtingu þeirra.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár lýsir yfir ánægju með að efla samstarf Veiðifélags Þjórsár og Landsvirkjunar. Stjórnin telur mikilvægt að hluti af samstarfssamninginum þurfi að innihalda öflugri mótvægisáðgerðir en áður hefur verið lagt upp með, þar á meðal áætlun um stækkun búsvæða í Þjórsá umfram þau 5,5% búsvæða sem tapast með tilkomu Hvammsvirkjunar. Mikilvægt sé að finna leiðir til þess að framvæmdum við stækkun búsvæða verði lokið áður en Hvammsvirkjun verði tekin í notkun og Hagalón fyllt. Stjórn Veiðifélags Þjórsár felur formanni ásamt stjórnarmönnum Harald Einarssyni, Ísleifi Jónassyni og Þorgils Torfa Jónssyni að funda með Landsvirkjun um frekari atriði sem þurfa að vera í samstarfssamningi Veiðifélags Þjórsár og Landsvirkjunar.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin upp.

Fundi slitið kl 21:20

Haraldur Einarsson, ritari.

Haraldur Einarsson  
Ísleifi Jónassyni  
Þorgils Torfa Jónssyni  
Haraldur Einarsson